



Orkustofnun gjörir kunnugt:

að skv. 2. mgr. 9. grein raforkulaga nr. 65/2003 og 12. grein reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum, er


Landsneti hf.

veitt leyfi til að reisa og reka

Varaafsstöð í Bolungarvík

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni og aflað var á umsóknarferlinu og skilyrðum er fram koma í forsendum Orkustofnunar fyrir leyfisveitingunni og með vísan til 4. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Orkustofnun, 12. júlí 2013



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júlí 2013
Tilvísun: 2013050020/50.4.3
Verknúmer: 1103000

Efni: Bygging varaafsstöðvar í Bolungarvík

Í eftirfarandi greinargerð Orkustofnunar er gerð grein fyrir forsendum og rökstuðningi stofnunarinnar fyrir leyfisveitingu til þess að byggja 10,8 MW varaafsstöð í Bolungarvík.

Umsókn og fylgigögn

Með erindi, dags. 21. maí sl., barst Orkustofnun umsókn Landsnets hf., þar sem með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er sótt um leyfi til að byggja nýja varaafsstöð í Bolungarvík, auk lítilsháttar breytinga á núverandi 66 kV loftlínu, auk þess sem leggja þarf tvo 66 kV jarðstrengi.

Varaafsstöðin sem sótt er um leyfi fyrir

Sótt er um leyfi til að byggja nýja varaafsstöð í Bolungarvík, auk lítilsháttar breytinga á núverandi 66 kV loftlínu, auk þess sem leggja þarf tvo 66 kV jarðstrengi. Jarðstrengirnir eru annars vegar strengur frá endamastri Bolungarvíkurlínu 1 (1120 m) að fyrirhuguðu tengivirki við varaafsstöð og hins vegar frá núverandi Bolungarvíkurlínu 2 (510 m) að tengivirkinu. Jafnframt verður endamastur Bolungarvíkurlínu 1 fært þannig að það standi utan við snjóflóðahættusvæði.

Í varaafsstöðinni verða sex 1,8 MW díseknúnar varaafsvélar sem samsvarar heildar varaafli upp á 10,8 MW. Hönnun hússins gerir ráð fyrir að síðar verði hægt að bæta við sjöundu vélinni.

Varaafsstöðinni fylgja einnig tveir olíugeymar, hvor um sig 100 rúmmetrar að rúmtaki.

Gert er ráð fyrir fjórum 66 kV rofum í tengivirki varaafsstöðvarinnar og verða settir upp þrír rofar í upphafi. Einnig er ger ráð fyrir einu aflspennarými fyrir 66/11 kV aflspenni sem er í eigu Orkubús Vestfjarða en auk þess verður sett upp 2 MVar spóla til þess að hamla á móti rýmdaráhrifum strengsin í Bolungarvíkurlínu 2.

Í samræmi við ákvæði 34. gr. raforkulaga var auglýsing um virkjunina birt í Lögbirtingarblaðinu 10. júní 2013 með fresti til 11. júlí 2013 til athugasemda þeirra er hagsmuna ættu að gæta. Engar athugasemdir um virkjunina bárust Orkustofnun.

Orkustofnun hefur farið yfir þau gögn sem fylgdu með umsókn Landsnets um framangreint virkjunarleyfi m.a. að teknu tilliti til öryggis flutningskerfisins, sbr. 4. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum.

Staðsetning varaafsstöðvar

Varaafsstöðin verður staðsett norðaustan við núverandi tengivirki í Bolungarvík. Lóðin er á iðnaðarsvæðinu við Tjarnarkamb sunnan við núverandi byggingar á svæðinu.

Aðrar umsóknir eða leyfisveitingar sem tengjast umsókninni

Umhverfisráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að hefja nú þegar vinnu við deiliskipulag svæðisins. Lagnir og línur sem þurfa að breytast vegna færslu varaafsstöðvarinnar koma ekki inn í deiliskipulagið en þurfa að vera í samræmi við aðalskipulag og gæti þess vegna þurft að breyta því.

CA-N.

Skýrsla um undirbúningsvinnu

Samráð hefur verið haft við Bolungarvíkurkaupsstað og Orkubú Vestfjarða um framkvæmdina.

Umhverfismat

Framkvæmdin er ekki matsskyld skv. lögum um umhverfisáhrif framkvæmda.

Aðrir valkostir

Aðar leiðir að sama marki vörðuðu aðra staðsetningu á varaafsstöðinni. Allir aðrir valkostir í stöðinni voru metnir vera kostnaðarsamari en sá sem varð fyrir valinu.

Rekstur flutningskerfisins

Bygging varaafsstöðvarinnar mun auka til muna afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Framkvæmd og framkvæmdatími:

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júlí 2013 og að þeim verði lokið í júlí 2014.

Kostnaður við framkvæmd

Heildarkostnaður við varaafsstöðina er 1.469 m.kr

Niðurstaða Orkustofnunar

Eftir ítarlega skoðun á þeim gögnum sem Landsnet hf. hefur lagt fram með umsókn sinni veitir Orkustofnun, með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, hér með fyrirtækinu leyfi til byggingar nýrrar varaafsstöð í Bolungarvík.

Í varaafsstöðinni verða sex 1,8 MW díseknúnar varaafsvélar sem samsvarar heildar varaafli upp á 10,8 MW. Hönnun hússins gerir ráð fyrir að síðar verði hægt að bæta við sjöundu vélinni. Varaafstöðinni fylgja einnig tveir olúgeymar, hvor um sig 100 rúmmetrar að rúmtaki.


Gert er ráð fyrir fjórum 66 kV rofum í tengivirki varaafsstöðvarinnar og verða settir upp þrjú rofar í upphafi. Einnig er ger ráð fyrir einu aflspennarými fyrir 66/11 kV aflspenni sem er í eigu Orkubús Vestfjarða en auk þess verður sett upp 2 MVar spóla til þess að hamlar á móti rýmdaráhrifum strengsin í Bolungarvíkurlínu 2.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem mælt fyrir um í lögum. Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir.

Gjald fyrir veitingu virkjunarleyfisins er kr. 208.000, í samræmi við ákvæði 1. tölulið 1. mgr. 33. gr. raforkulaga. Virkjunarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Erla Björk Þorgeirsdóttir